

Nr. 18-179 S 122 Von GK 113***Bilað stýri og dregin til hafnar***

Skipaskr.nr. 2733
Smíðaður: Trefjar, 2007, trefjaplast
Útgerð: Útgerðarfélag Sandgerðis ehf.
Stærð: 13,14 brl. 14,82 bt.
Mesta lengd: 13,03 m Skráð lengd: 11,36 m
Breidd: 3,74 m Dýpt: 1,44 m
Vél: Yanmar, 368 kw, 2007
Fjöldi skipverja: 3



Von © Páll Traustason

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 1. nóvember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 17. september 2018 var Von GK 113 á línuveiðum á Austfjarðamiðum. Veður: NA 4 m/s.

Á veiðunum kom leki að vökvakerfinu fyrir stýrisvélina og báturinn missti stjórnhæfni. Við skoðun kom í ljós leki við véldrifna vökvadælu og til að koma í veg fyrir skemmdir á henni var drepð á vélinni. Óskað var eftir aðstoð og Dóri GK 42 dró Von til hafnar á Neskaupstað.

Við rannsókn kom fram:

- að síuhús sem áfast var vökvadælunni hafði brotnað af og glussaolían tæmst af vökvakerfinu;
- að á vökvakerfinu voru stýrisvél, línuspil, beitningarvél, uppstokkari og hliðarskrúfa notendur;
- að engin vara vökvadæla var um borð;
- að báturinn var ekki með sérstakan neyðarstýribúnað heldur með rafdrifið jafnvægisstýri (flöpsum) óháð öðrum stýrisbúnaði sem er viðurkenndur búnaður af Samgöngustofu sem ígildi neyðarstýris;
- að skipstjórinn vissi ekki um þennan möguleika (flapsa) og gekk út frá því að engin neyðarstýring væri til staðar;
- að báturinn var með þjónustusamning við vélsmiðju í Sandgerði um viðhald á vélbúnaði og undanþeginn frá því að hafa vélavörð um borð.

Nefndarálit:

Orsök atviksins er að vökvakerfið tæmdist þar sem síuhús hafði brotnað.

Sérstakar ábendingar:

Nefndin beinir því til stjórnenda skipa að kynna sér til hlítar notkun og möguleika til neyðarstjórnunar.